

fram ágríp úr dómsgjörðunum. Stefndi Guðmundur Ólafsson mótmælti fresti og heimtaði ómaksbætur. Að svo vöxnu máli verður ex officio að visa stefnunni frá hæstarjetti og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 40 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Áfrýjendurnir Þorsteinn Jónsson, Karl Þorsteinsson og Sveinn Hallgrímsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnda Guðmundi Ólafssyni 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 40/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
geg

Fritz Korte (Bjarni P. Johnson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. maí 1927: Kærður, Fritz Korte, greiði 13 þúsund króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðafæri — þar með taldir dragstrengir — í b/v. „Ernst Braun“ sje upptækt og renni andvirdið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig að vararefsingin ákveðst 7 mánaða einfalt fangelsi.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 80 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að vararefsingin ákveðst 7 mánaða einfalt fangelsi. Kærði, Fritz Korte, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Bjarna P. Johnsen, 80 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á b/v. P. G. 204 „Ernst Braun“ Fritz Korte frá Geestemünde fyrir brot á ákvæðum íslenskrar fiskiveiðalöggjafar.

Það er sannað í málinu með eiðfestum vitnaframburðum skipherrans og 1. stýrimannsins á „Þór“, að kærður, sem eigi er upplýst um, að hafi áður brotið íslenska fiskiveiðalöggjöf, var á skipi sínu 0,9 sjómíllur innan íslenskrar landhelgi vestur af Portlandi með bakborðsvörpu í sjó, laust fyrir kl. 8 í gærmorgun, er varðskipið „Þór“ kom þar að, tók skip hans fast og kom með það hingað í morgun.

Kærður hefir ekki viljað kannast við það, að skip hans hafi verið tekið innan landhelginnar og haldið því fram, að hann hafi ekki verið að veiðum er skipið var tekið, heldur hafi hann fest vörpu sína í botni, hún flóknað og verið dregin upp aftan undir skipið og hann því ekki getað hreyft skráfuna.

Að því er fyrra atriðið snertir, þá liggja fyrir í málinu með hinum nefndu vitnaframburðum lögfullar sannanir fyrir því, að skip kærðs hafi verið innan landhelginnar, er það var tekið fast. Það er og sannað í málinu enda víðurkent af kærðum, að

skipið hafði bakborðsbotnvörpu í sjó, er það var tekið og að fiskur var í vörpunni, er hún var dregin inn eftir að búið var að taka skip kærðs fast og verður kærður því talinn hafa veitt með botnvörpu innan landhelginnar og gerir það enga breytingu á þessu, þótt varpan hafi verið eitthvað flækt, er hún kom upp úr sjónum.

Kærður hefir því að álitu rjettarins brotið 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveidum og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til fyrir það eftir 3. gr. laganna sbr. og 1. gr. laga nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 13 þúsund króna sekt til Landhelgisjóðs, með tilliti til þess, að gengi íslenskrar krónu er það í dag, eftir upplýsingum frá Landsbankanum, að krónan jafngildir 81,70 aukum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — í b/v. P. G. 204 „Ernst Braun“ sje upptækt og renni andvirðið í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 23. sept. 1927.

Nr. 34/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Eiríki Kjerúlf (Björn P. Kalman).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927:
Kærður Eiríkur lækrir Kjerúlf á að vera sýkn af kærðu valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er eigi nægilega sannað gegn neitun kærða, enda það atriði lítið rannsakað af lögreglurjettinum, að kærði hafi gefið út lyfseðla þá um áfengi, er ræðir um í máli þessu án þess að hafa áður fullvissað